

Aðalfundur Landsbankans 30. apríl 2010

Ávarp formanns bankaráðs Landsbankans Gunnars Helga Hálfðanarsonar

Fundarstjóri, hluthafar, gestir

Núverandi bankaráð Landsbankans var kjórið 18. febrúar sl. á aðalfundi bankans vegna ársins 2008 og hefur því aðeins setið í rúma 2 mánuði þegar við göngum á ný til aðalfundar, nú vegna ársins 2009. Þetta er vissulega óvenjulegt en skýrist af því að stofnefnahagur Landsbankans varð ekki að fullu ljós fyrr en í desember á síðasta ári, þegar samningum ríkisvaldsins lauk við kröfuhafa og eigendur Gamla Landsbankans um stofnefnahag nýja Landsbankans.

Niðurstöður samninga leiddu til þess að Landsbankinn er nú á ný stærsti banki þjóðarinnar með efnahagsreikning upp á 1.061 milljarða, 158 milljarða í eigið fé og 15% í eiginfjárlutfall miðað við árslok 2009. Eigendur eru ríkissjóður 81,3% og kröfuhafar Landsbanka Íslands hf. 18,7%. Bankasýsla ríkisins gegnir eigandahlutverki ríkisins gagnvart bankanum og öðrum hagsmunaaðilum.

Núverandi bankaráð skipa 5 manns en í því eru Sigríður Hrólfsdóttir, Guðríður Ólafsdóttir, Friðrik Pálsson, Haukur Halldórsson og sá sem hér stendur – en að auki situr Andri Geir Arinbjarnarson alla fundi. Aðrir varamenn eru þau Guðrún Ragnarsdóttir, Loftur Árnason, Þórdís Ingadóttir og Lárentsínus Kristjánsson.

Það eykur mér bjartsýni um snarlega endurreisn bankans, eftir all langt óvissuskeið um endanlegan fjárhag hans, að bankaráð Landsbankans er valið á faglegum forsendum. Samstarf innan núverandi bankaráðs hefur verið með miklum ágætum og höfum við á stuttum tíma náð vel saman um helstu áherslur varðandi framtíðarsýn bankans og æskilega eiginleika nýs bankastjóra sem nú er í ráðningarferli en eins og kunnugt er mun núverandi bankastjóri láta af störfum í lok næsta mánaðar – við væntum þess að ráðningu nýs bankastjóra ljúki vel fyrir þann tíma eða um miðjan næsta mánuð.

Þótt núverandi bankaráð muni taka nokkrum breytingum á þessum aðalfundi þegar þeir Haukur Halldórsson og Friðrik Pálsson ganga úr stjórn er ég ekki í nokkrum vafa að gott samstarf, m.a. um metnaðarfull markmið fyrir bankann og nýjan bankastjóra, mun einnig takast við nýja aðalmenn í bankaráði, þau Þórdísi Ingadóttir og Lárentsínus Kristjánsson, og býð ég þau velkomin í hópinn.

Það má því með sannri segja að núverandi bankaráð hafi starfað við óvenjulegar aðstæður á óvissutímum. Vegna þessa mun yfirferð Ásmundar Stefánssonar,

bankastjóra, hér á eftir um starfsemi og rekstur Landsbankans á árinu 2009 verða yfirlit og yfirlit en ella.

En þótt framtíðin sé mér hugleiknari en fortíðin við þessar aðstæður vil ég þó leggja ríka áherslu á það að innan Landsbankans er nú fjallað um niðurstöður Rannsóknarnefndar Alþingis með það að markmiði að einskis sé látið ófreistað við að læra af þeim mistökum sem gerð voru í Landsbankanum í aðdraganda hrunsins. Þessi vinna fylgir þeim viðamiklu breytingum sem unnið hefur verið að alla tíð frá endurreisn bankans í október 2008 og eru mun meiri en flestir gera sér grein fyrir eins og Ásmundur mun koma inná hér á eftir.

Á endanum munu þó viðskiptamenn bankans og samfélagið allt meta bankann og okkur sem þar störfum, af verkum okkar og því aðeins taka okkur í sátt að við sýnum í verki einlægán vilja og staðfestu til að verða betri banki. Í mínum huga er enginn vafi á því að þessi staðfesta er fyrir hendi hjá starfsmönnum bankans. Á erfiðum tímum hefur margur Landsbankamaðurinn drýgt sanna hetjudáð og tekist að varðveita trúnað og traust viðskiptavinanna – sem er sá grunur sem allt framtíðarstarf bankans hlýtur að byggjast á.

Ég sagði áðan að nýs bankaráðs biði það vandasama verkefni að ráða nýjan bankastjóra. Mögulega mun sagan dæma frammistöðu okkar sem bankaráðs af því einu hvernig til tekst við ráðninguna. Sjaldan ef nokkurn tíma hefur verið mikilvægara að vanda til verka hér. Ég nefndi áðan að bankaráðið er eingöngu skipað á faglegum forsendum og við munum starfa í þeim anda. Við munum t.d. setja nýjum bankastjóra erindisbréf með metnaðarfullum markmiðum varðandi ímynd, þjónustustig og uppbyggingu bankans í bráð og lengd. Við ætlum okkur að hafa skoðanir en um leið að veita nýjum bankastjóra öflugan stuðning.

Við eru staðráðin í því að svara kalli tímans og tryggja jafnrétti kynjanna í stjórnunarstöðum í bankanum. Við munum stuðla að auknu gagnsæi og efla upplýsingagjöf um stefnu og starfsemi bankans í anda markaðssinnaðra og skráðra félaga í Kauphöll. Við viljum vinna að því að rekstur bankans verði sem skilvirkastur fyrir viðskiptavinum bankans, eigendum, starfsmönnum og samfélagið í heild.

Ég var spurður að því nýlega hvort ég hefði ekki þurft að hugsa mig um tvisvar þegar mér var boðið að taka við formennsku í bankaráði Landsbankans og svar mitt var einfalt. Það var nei. Það vafðist ekki fyrir mér. Ég er fyrrum starfsmaður bankans, mér er hlýtt til hans, mig sviður hvernig farið hefur verið með hann og vil leggja mitt af mörkum til að styrkja starf hans og vinna honum fyrri sess í þjóðlífinu.

Bankinn á mikið inni að mínu mati; við erum með þrautþjálfað, harðduglegt og heiðarlegt fólk og á því munum við byggja framtíðarstarf bankans. Ef við nýtum okkur styrkinn sem fólgin er í starfsfólkinu og höldum áfram að efla áhættustýringu, regluvörslu og eftirlit ætti okkur að vegna vel, til dæmis getur víðfemt útibúanet bankans orðið okkur ómældur styrkur vegna persónulegrar nálgunar þegar fram í sækir

um leið og við færum okkur í nyt nýjustu tækni og möguleika hennar til nýrri og betri þjónustu við viðskiptamenn.

Þá mun geysisterkt rekstrarsvið bankans og fjárhagslegur styrkur gera honum kleift að taka virkan þátt í endurskipulagningu íslensks fjármálamarkaðar. Þannig munu að mínu mati renna saman í bankanum styrkur 124 ára sögu og sífelld þörf til endurnýjunar og umbóta.

Ágætu aðalfundargestir,

Ég sagði hér áðan að Haukur Halldórsson muni nú draga sig í hlé. Ég vil fyrir hönd bankaráðs nota tækifærið hér til að þakka Hauki sérstaklega fyrir hans mikilvæga og óeigingjarna framlag á erfiðum tímum. Haukur kom inn í bankaráð Landsbankans í október 2008, og tók við formennsku í bankaráðinu í mars á síðasta ári þegar Ásmundur tók við starfi bankastjóra og gegndi formennsku rétt tæpt ár. Haukur, við flytjum þér og fjölskyldu þinni bestu óskir um gott gengi á komandi árum. Friðriki Pálssyni eru einnig færðar þakkir hér og frómar óskir en á þeim tveimur mánuðum sem við höfum starfað saman í bankaráðinu hefur hefur komið glögggt í ljós hversu öflugur ferðamálafrumkvöðullinn Friðrik er og gott fyrir bankann að njóta krafta hans í þennan tíma.

Að lokum: Það hefur ekki verið auðvelt að vera bankamaður á síðastliðnum misserum en það er mín skoðun að starfsmönnum Landsbankans hefur tekist það vel. Nú er hins tími neyðarráðstafana liðinn og framundan er uppbygging metnaðarfulls, þjónustuvæns og samkeppnissinnaðs fjármálafyrirtækis. Við ætlum Landsbankanum efsta sætið í úrvalsdeildinni, ekkert minna.

Takk fyrir.